

Tillögur starfshóps um framtíðarskipulag Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Hlutverk samtakanna

Starfshópur um framtíðarskipulag Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggur til að hlutverk samtakanna verði skilgreint með þeim hætti sem lagt er til í vinnu stjórnar frá því í mars 2018.

Hlutverk samtakanna er að vinna að verkefnum sem sveitarfélögin eða löggjafinn fela þeim og hafa samvinnu um tiltekna málaflökka á grundvelli samninga við ríkið. Megin áhersla verði lögð á eftirfarandi verkefni:

1. *Greiningu og stefnumótun*
2. *Hagsmunagæslu*
3. *Þjónustuhlutverk*
4. *Stuðla að samvinnu og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á starfssvæðinu*

Kjörtími stjórnar

Starfshópurinn leggur til að samþykktum samtakanna verði breytt á þann veg að í júní það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram verði haldið aukaárþing þar sem fram fer kjör nýrrar stjórnar ásamt kynningu á starfsemi samtakanna fyrir nýja sveitarstjórnarmenn.

Skipaður skal starfshópur í kjölfar haustþings 2018 sem hefur það hlutverk að rýna samþykktir og fundarsköp samtakanna með tilliti til ofangreindra breytinga og leggja fram drög að breyttum samþykktum fyrir ársþing 2019. Í starfshópnum skulu sitja 3 aðilar, einn úr V-Hún, einn úr A-Hún og einn úr Skagafirði. Framkvæmdastjóri SSNV skal starfa með starfshópnum.